

Stjórnarfundur FHB 14. des. 2009

haldinn á Torfastöðum, Bisk.

Fundarsetning. Kristinn Guðnason formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega nýjan stjórnarmann, Magnús Jósefsson. Skipaði Huldu G. Geirsdóttur fundarritara.

Stjórn skipti með sér verkum. Verkaskipting óbreytt, þ.e. Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eyþór Einarsson, gjaldkeri og Ólafur Einarsson meðstjórnandi. Magnús Jósefsson tekur við stöðu ritara af fráfarandi stjórnarmanni Helgu Thoroddsen.

Mál frá aðalfundi tekin fyrir

Ályktun um landnýtingu, nauðsynlegt að halda áfram að tala fyrir góðri nýtingu lands og gegn ofbeit. Þessi mál þarf stanslaust að minna á og leiðindamál sem upp hafa komið varðandi vanfóðrun og ofnýtingu lands hafa slæm áhrif á ímynd greinarinnar allrar. Einnig þarf að passa að jafnræðis sé gætt í meðhöndlun slíkra mála, nefna það við Mast, símtal KG.

Tillaga um **agareglur á kynbótasýningum**. Vísa henni til fagráðs óbreyttri. Fram kom að það hefur haft bætandi áhrif í Danmörku að vera með áfengispróf fyrir knapa.

Mast tillaga – sendist til Mast, dýralæknis hrossasjúkdóma, til ráðuneytis, dýralæknafélagsins og yfirdýralæknis.

Hringvallartilraun – farið yfir tillögu af aðalfundir sem samþykkt var varðandi tilraun til kynbótasýninga á hringvelli og málið rætt. Formaður sagði frá fundi sínum og HSS um sama mál. Hulda rakti punkta af þeim fundi, sagði stjórn HSS ekki á móti tilrauninni.

Tillagan af aðalfundinum virkar í raun og veru ekki, ekki er hægt að gera tilraun og fá niðurstöður með því að bera saman ólíka hluti, sem mun verða ef allir sýna ekki við sömu aðstæður.

Kristinn benti á að tilraunin sem gerð var á Hellu sl. sumar tók styttri tíma. Og það skiptir máli, við komum ekki nema sjö hrossum í gegnum sýningu á klst eins og kerfið er í dag.

Eyþór taldi verið að grauta í kerfinu og breyta að óþörfu. Við þekkjum þetta form úr gæðingakeppninni, af hverju ekki að prófa eitthvað annað form? Hvað með stöðlunina? Hún hlýtur að skipta máli. Sagðist ekki á móti því að þessi tilraun yrði gerð, en vildi vita hvað ætti að mæla? Umræðan er búin að skila ýmsu, en það þarf að hugsa um fleiri þætti. Hægt að prófa margt annað.

Sigbjörn sagði tilraunina hljóta að verða gerða. Velti upp tveimur spurningum þar sem talað er um að tilraunin verði gild og skráð í WF. Ætlar fagráð að gefa sýnendum möguleika á að sýna eftir þessu formi og fá svo möguleika á að sýna annars staðar á gamla forminu? Varðandi hestvænni sýningar, þá hefur verið talað um að breikka brautirnar, en hringvöllurinn er bara fjórir metrar á breidd. Þrengir það ekki að hrossunum?

Magnús Jósefsson sagði stærsta ókostinn að setja þetta í sama form og allt hitt. Blanda þessu öllu saman.

Kristinn sagði þvert á móti að þetta væri fyrsta skrefið í að prófa eitthvað nýtt.

Eyþór taldi að verið sé að grauta í kerfinu og breyta því að óþörfu. Við þekkjum þetta form úr gæðingakeppninni, af hverju ekki að prófa frekar eitthvað nýtt fyrirkomulag? Hvað með stöðlunina? Hún hlýtur að skipta máli. Sagðist ekki á móti því að þessi tilraun yrði gerð, en vildi vita hvað ætti að mæla? Umræðan er búin að skila ýmsu, en það þarf að hugsa um fleiri þætti ef á að fara að breyta núverandi

sýningarfyrirkomulagi á annað borð. Hægt að prófa margt annað og þegar hafa verið settar fram fleiri tillögur.

Eyþór sagði fagrád þurfa að staðla kynbótasýningarnar mun meira, s.s. hvernig sést og heyrist úr dómþöllum, undirlag og lögun brauta ofl. Þau mál yrði einfaldlega að fara í! Þjálfar þyrfti dómara betur, mikilvægt að taka fyrir yfirlínu, sbr. svokallað „Hólaform,“ ekki alltaf verið að greina í sundur gott og slæmt hvað formið varðar, dómara þurfa að greina á milli falskrar eftirgjafar og réttis forms. Dómara hafa áhrif á þjálfun hrossa því sýnendur laga sig að því sem þeir fá gefið fyrir. Þarf að þjálfar dómara betur til að greina þarna á milli. Of mikil eftirgjöf, undir bita, er trúlega slæm fyrir hestinn.

Kristinn benti á að fagrád hefði bókað fyrir þremur árum að þetta væri mál sem þyrfti að fara í og vísað því áfram til kynbótadómara. Var sammála því að þetta þyrfti að taka í gegn.

WorldFengur – breeding fee. Rætt um svokallað Breeding fee gjald sem er lagt er á sýningagjöld erlendis og rennur til FEIF og WF. Þessu gjaldi þarf að bæta við hér heima eftir að gengið hefur verið frá samningum á milli FEIF og WF. Jón Baldur hjá BÍ er á því að þetta eigi að setja á sýningargjöld eins og tíðkast erlendis. FHB er sammála um að styðja áfram WF, en á erfitt með að setja peninga í hann, félagið stendur ekki undir því. Frekar að félagið kæmi að sérverkefnum, t.d. hugmynd Huldu um möguleika á upphleðslu mynda og myndbanda inn í heimaréttina. Sigbjörn sagði það senda skýr skilaboð til greinarinnar að setja gjald á sýnd hross sem rynni til þróunar WorldFengs. Hann rekur sig ekki á loftinu og gjaldtakan sýnir að okkur er alvara með að halda vinnunni við WF áfram. Svona gagnagrunnur verður ekki til af sjálfu sér og þeir sem eru að sýna hross eru mest að nýta WF.

Magnús sagði í sambandi við umræður um fagrád og kynbótasýningar að hann væri ósáttur við **hækkun á lágmrörkum á yngstu hrossin** inn á LM. Allir vilja sjá yngstu hrossin og þau þurfa að vera inni á mótinu. Hækkunin verður bara til þess að knaparnir pressa meira og sýna oftast til að ná þessum hærri tölum. Sagðist ekki sjá ástæðuna til þess að gera þetta. Mætti hækka elstu hrossin, en ekki yfir línuna.

Kristinn benti einnig á varðandi **þröskuldana** sem settir voru við síðustu breytingar að þá var alhliðahrossum ívilnað en þrengt að klárhrossum. Og nú með hækkuðum lágmrörkum einnig er nánast ógerlegt fyrir klárhross að komast inn á mót. *Kristinn* sagðist ætla að taka þetta mál upp í fagráði, en tillögurnar um þröskuldana komu frá Sunnlendingum.

Kristinn greindi frá fundi formanna hagsmunafélaga með **fjárlaganefnd alþingis** varðandi áframhaldandi framlag í þróunarsjóðinn. Virðist vera erfitt að fá frekari fjárveitingar þar sem verkefninu er í raun lokið. Hittu ekki alla nefndina, en hluta hennar. Gekk vel að kynna málið, skiluðu skýrslu yfir úthlutanir og ýmsar tölfræðilegar samantektir. Nefndarmenn sögðu að þeim hefði verið fyrirskipað að taka allt út sem ekki var á fjárlögum fyrir þannig að ekki eru miklar vonir um áframhaldandi fjárveitingu þarna.

Farið yfir stöðu **fjármála**, sem er ágæt. Ef ekki fást peningar í verkefni (styrkir) þá er er viðbúið að spara þurfi og draga úr verkefnum.

Rætt stuttlega um uppgjör uppskeruhátíðar, val á knöpum ársins og ræktunarbúi.

Hulda las erindi frá Helgu Thoroddsen, styrkumsókn vegna verkefnisins „**Munnur og mál.**“ Málið rætt og samþykktur ferðastyrkur upp á kr. 50.000.

Hringferð Kristins og Guðlaugs rædd. Samþykkt að þeir félagar fari áfram í ferðina, enda telur stjórn mikilvægt að vera í góðu sambandi við grasrótina og að starfsemi félagsins sé sýnileg.

Landsmót 2010 rætt stuttlega. Hugmyndir að útfærslu á Hestatorginu ofl.

Afmæli LH. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri munu sitja afmælisráðstefnu LH og færa þeim gjöf í samstarfi við BÍ og FT.

Þorkelsstytta. Hrossaræktarsamtök Suðurlands hafa forgöngu um gerð verðlaunagrips til minningar um Þorkel Bjarnason. Málið rætt og samþykkt að veita kr. 150.000 til þess. Stjórnarmenn voru þó sammála um að nafn FHB ætti að koma einhvern veginn fram, t.d. „Með stuðningi frá FHB“ eða sambærilegt. Fram kom sú hugmynd um að tengja verðlaunin skeiði á einhvern hátt þar sem Þorkell var mikill áhugamaður um skeið og alhliða hross.

Nýútkomin markaðsskýrsla skoðuð og aðeins rædd. Stjórnarmenn ætla að kynna sér skýrsluna betur.

Verkefni næsta árs - hugleiðingar:

- Hvernig gerum við okkur sýnileg á næsta ári?
- Útgáfumál, tölulegar upplýsingar af ráðstefnu. Komi út í janúar, feb. Efni af aðalfundinum, skýrsla formanns, stjórn, nefndir, - dreifing til deilda. EE, SB og HGG fara í undirbúningsvinnu.
- LM-Hestatorg
- Hefðbundið starf
- WF myndaverkefni
- Uppskeruhátíð
- Vinna að því hækka verð á folaldakjöti

Stefnumótun. Stefnumótunarverkefni frá því fyrir nokkrum árum rifjað upp en unnið er að nýrri útgáfu. Sigbjörn og Hulda eru komin af stað með það verkefni og þurfa að vinna það áfram. Stefnt að skilum á næsta fundi.

Önnur mál

Kristinn sagði frá erindi Sigurbjarnar Bárðarsonar sem hyggur á erlenda útgáfu á kennsludiski sínum „Skeið“. Félagið hefur ekki tók á að styðja slík verkefni fjárhagslega en finnst útgáfan jákvæð.

Rætt um auglýsingar og jólakveðjur. Fram kom að jólakveðjur frá félaginu og auglýsingar um nýja vefinn munu birtast í öllum helstu hestamiðlum á Íslandi, auk þess sem nýi vefurinn verður auglýstur sérstaklega í nýju bandarísku stóðhestablaði sem og því þýska sem dreift er um alla Evrópu.

Fleira ekki gert og fundi slitið. Fundarmönnum boðið til kvöldverðar á Torfastöðum.

HGG/hgg